

Georg og magnaða mixtúran

Kynnir:

Georg

Flóka, pabba Georgs

Maríu, mömmu Georgs

ömmu

Efnisyfirlit

Amma

Mögnuð áætlun

George hefst handa við mixtúrugerðina

Dýralyf

Eldamennskan

Brún málning

Amma fær mixtúruna

Brúna hænán

Svínið, tarfarnir, kindurnar, smáhesturinn og huðnan

Krani fyrir ömmu

Flóki fær frábæra hugmynd

Magnaða mixtúran númer tvö

Magnaða mixtúran númer þrjú

Magnaða mixtúran númer fjögur

Bless, bless amma

AÐVÖRUN TIL LESENA: Reynið ekki að búa til hina mögnuðu mixtúru Georgs heima hjá ykkur. Það gæti reynst hættulegt.

Amma

„Ég er að fara niður í þorp að versla,“ sagði María, mamma Georgs, við hann einn laugardagsmorgun. „Vertu nú þægur og gerðu ekkert af þér.“

Það er alltaf kjánalegt að segja svona við lítinn strák. Samstundis fór hann að velta fyrir sér hvað hann gæti farið að gera af sér.

„Og ekki gleyma að gefa ömmu mixtúruna klukkan 11,“ bætti mamma hans við. Því næst fór hún út um bakdyrnar og lokaði á eftir sér.

Amma, sem dormaði í hægindastólnum sínum við gluggann, opnaði annað augað, lítið og illkvitnislegt og sagði: „Hana! Þú heyrðir hvað móðir þín sagði Georg. Ekki gleyma mixtúrunni minni.“

„Nei, amma,“ sagði Georg.

„Og reyndu svo að vera til friðs svona einu sinni meðan hún bregður sér af bæ.“

„Já, amma,“ sagði Georg.

Georg leiddist svo mikið að hann hefði getað grátið. Hann átti hvorki bróður né systur. Foreldrar hans voru bændur og bóndabýlið var í margra kílómetra fjarlægð frá öllu, þannig að hann gat aldrei leikið sér við önnur börn. Hann var þreyttur á að horfa á svín og hænur og kýr og kindur. Hann var sérstaklega þreyttur á að þurfa að búa í sama húsi og þessi gamla gráa ömmugrýla. Það var ekki sérlega spennandi tilhugsun að þurfa að eyða laugardagsmorgninum í að passa hana aleinn.

„Þú getur byrjað á því að laga góðan tebolla handa mér,“ sagði amma við Georg. „Þú ratar allavega ekki í vandræði á meðan.“

„Já, amma,“ sagði Georg.

Georg gat ekki að því gert að honum líkaði ekki vel við ömmu sína. Hún var eigingjörn og geðstirð gömul kona. Hún var með ljósbrúnar tennur og lítinn samankipraðan munn sem leit út eins og hundsrass.

„Hversu mikinn sykur viltu út í teið þitt í dag, amma?“ spurði Georg.

„Eina skeið,“ sagði hún. „Og enga mjólk.“

Flestar ömmur eru yndislegar, ljúfar og góðar eldri konur, en ekki þessi amma. Hún var allan daginn alla daga í hægindastólnum við gluggann og alltaf var hún kvartandi, kveinandi, kvabbandi, finnandi að og kveinkandi sér út af öllu og engu.

Aldrei, ekki einu sinni þegar hún virtist eitthvað skárri, brosti hún til Georgs og sagði: „Jæja Georg, hvernig hefur þú það í dag?“ Eða: „Ættum við ekki að spila slönguspilið?“ Eða: „Hvernig gekk þér í skólanum í dag?“ Henni virtist vera sama um aðra, hún hugsaði bara um sig. Hún var vesæll gamall nöldurseggur.

Georg fór inn í eldhús og lagaði te fyrir ömmu sína úr tepoka. Hann setti eina skeið af sykri út í en enga mjólk. Hann hrærði sykurrinn vel út og bar bollann inn í stofu.

Amma fékk sér sopa. „Þetta er ekki nógu sætt,“ sagði hún. „Bættu meiri sykri út í.“

Georg fór með bollann aftur inn í eldhús og bætti við annarri skeið af sykri. Hann hrærði aftur í bollanum og bar hann svo varlega inn til ömmu.

„Hvar er undirskálin?“ sagði hún. „Bolli á alltaf að hafa undirskál.“

Georg náði í undirskál fyrir hana.

„Og hvar er teskeiðin, má ég spyrja?“

„Ég er búinn að hræra í bollanum fyrir þig, amma. Ég hrærði vel.“

„Ég hræri sjálf mitt eigið te, þakka þér fyrir,“ sagði hún. „Náðu í teskeið fyrir mig.“

Georg náði í teskeið fyrir hana.

Þegar foreldrar Georgs voru heima, skipaði amma honum aldrei svona fyrir. Það var bara þegar hún hafði hann einan sem hún var leiðinleg við hann.

„Veistu hvað er að þér?“ sagði gamla konan og starði á Georg með þessum hvössu, litlu, illkvittnislegu augum yfir brún bollans. „Þú vex of hratt. Drengir sem vaxa of hratt verða heimskir og latir.“

„En amma, það er ekki mér að kenna ef ég vex of hratt,“ sagði Georg.

„Auðvitað er það þér að kenna,“ hreytti hún út úr sér. „Að vaxa er barnalegur ósiður.“

„En við *verðum* að vaxa, amma. Ef við myndum ekki vaxa, yrðum við aldrei fullvaxin.“

„Vitleysa, drengur, vitleysa,“ sagði hún. „Líttu á mig. Er ég að vaxa? Ég held nú ekki.“

„En þú gerðir það einu sinni, amma.“

„Bara *pínulítið*,“ svaraði gamla konan. „Ég lét af þeim ósið að vaxa þegar ég var óskaplega lítil, ásamt öðrum barnalegum ósiðum eins og leti og óþekkt og græðgi

og subbuskap og sóðaskap og heimsku. Þú hefur ekki hætt neinu af þessu, er það nokkuð?“

„En ég er ennþá bara lítill strákur, amma.“

„Þú ert átta ára gamall,“ fnæsti hún. „Þú ert nógu gamall til að vita betur. Ef þú hættir ekki að vaxa fljótlega, verður það um seinan.“

„Hvað verður um seinan, amma?“

„Þetta er fáránlegt,“ hélt hún áfram. „Þú ert nú þegar alveg að ná mér.“

Georg horfði vel og lengi á ömmu. Hún var svo sannarlega *mjög lágvaxin* manneskja. Fótleggir hennar voru svo stuttir að hún þurfti skemil til að tylla þeim á og höfuð hennar náði bara upp á mitt stólbak.

„Pabbi segir að það sé í góðu lagi fyrir mann að vera hávaxinn,“ sagði Georg.

„Hlustaðu ekki á hann pabba þinn,“ sagði amma. „Hlustaðu á mig.“

„En hvernig læt ég mig hætta að vaxa?“ spurði Georg ömmu sína.

„Borðaðu minna af súkkulaði,“ sagði amma.

„Lætur súkkulaði mann vaxa?“

„Það lætur mann vaxa í *vitlausu átt*,“ hreytti hún út úr sér. „Upp í staðinn fyrir niður.“

Amma sötraði teið en tók ekki augun af litla drengnum sem stóð fyrir framan hana.

„Aldrei vaxa upp,“ sagði hún. „Alltaf niður.“

„Já, amma.“

„Og hættu að borða súkkulaði. Borðaðu hvítkál í staðinn.“

„Hvítkál! Æ nei, mér finnst hvítkál svo vont,“ sagði Georg.

„Það er ekki spurning um hvað þér finnst gott eða hvað þér finnst vont,“ hvæsti amma. „Eina sem skiptir máli er hvað er gott fyrir þig. Héðan í frá verðurðu að borða hvítkál þrisvar á dag. Heilu fjöllin af hvítkáli! Það er langbest þegar liffur eru í því.“

„Oj barasta,“ sagði Georg.

„Þú verður gáfaður af því að borða liffur,“ sagði gamla konan.

„Mamma skolar þeim niður í vaskinn,“ sagði Georg.

„Mamma þín er jafn vitlaus og þú,“ sagði amma. „Hvítkál er bragðlaust án nokkurra soðinna lifra með því og snigla líka.“

„Ekki *snigla!*“ kveinaði Georg. „Ég gæti ekki borðað snigla!“

„Í hvert sinn sem ég sé lifandi snigil á salatblaði,“ sagði amma, „gleypi ég hann í mig í fljótheitum áður en hann skriður í burtu. Ljúffengur.“ Hún klemmdi varir sínar svo fast saman að þær urðu eins og lítil krumpuð hola. „Ljúffengur,“ endurtók hún. „Ormar og sniglar og brakandi bjöllur. Þú veist ekki hvað er gott fyrir þig.“

„Þú ert að grínast, amma.“

„Ég grínast aldrei,“ sagði hún. „Bjöllur eru líklega bragðbestar. Það er gott að *bryðja* þær!“

„Amma! Þetta er ógeðslegt!“

Gamli vargurinn brosti, svo það skein í ljósbrúnar tennurnar. „Stundum, þegar heppnin er með, fær maður bjöllu innan í sellerístilki. Það líkar mér,“ sagði hún.

„Amma! Hvernig *geturðu* sagt þetta?“

„Maður finnur alls kyns góðgæti innan í sellerístilkum,“ hélt gamla konan áfram. „Stundum finnur maður eyrnapöddu.“

„Ég vil ekki heyra þetta!“ hljóðaði Georg.

„Stór og feit eyrnapadda er mjög bragðgóð,“ sagði amma og sleikti út um. „En þú verður að vera snöggur til þegar þú setur slíka upp í þig, væni. Hún er með hvassar klær á halanum og ef hún nær taki á tungu þinni, sleppir hún því aldrei. Þú þarft að vera á undan að bíta eyrnapödduna, *bryðja, bryðja*, áður en hún bítur þig.“

Georg fór að mjaka sér nær dyrunum. Hann vildi komast eins langt í burtu og hægt væri frá þessari viðurstyggilegu gömlu konu.

„Þú ert að reyna að sleppa frá mér, er það ekki?“ sagði hún og beindi þráðbeinum fingrinum beint að andliti Georgs. „Þú ert að reyna að sleppa frá ömmu.“

Georg litli stóð við dyrnar og starði á gömlu skessuna í hægindastólnum. Hún starði til baka.

Gæti það verið, hugsaði Georg með sér, að hún væri norn? Hann hafði alltaf haldið að nornir væru bara í ævintýrum, en nú var hann ekki lengur viss.

„Komdu nær mér, litli drengur,“ sagði hún og benti honum með sigggrónum fingri. „Komdu nær og ég skal segja þér *leyndarmál*.“

Georg hreyfði sig ekki.

Amma hreyfði sig ekki heldur.

„Ég þekki heilmörg leyndarmál,“ sagði hún og brosti skyndilega. Brosið var mjótt og frosið, svona eins og á snáki rétt áður en hann bítur mann. „Komdu hér til ömmu og hún mun hvísla að þér leyndarmálum.“

Georg steig skref aftur á bak og mjakaðist nær dyrunum.

„Þú mátt ekki vera hræddur við ömmu gömlu,“ sagði hún og brosti frosna brosinu.

Georg tók annað skref aftur á bak.

„Sum okkar,“ sagði hún og hallaði sér allt í einu fram í hægindastólnum og hvíslaði með hástri röddu sem Georg hafði aldrei áður heyrt. „Sum okkar,“ sagði hún, „erum gædd töframætti sem getur togað og teygt kvikindi jarðar og breytt í furðuform ...“

Það var sem rafmagnsstraumur hríslaðist skyndilega niður eftir baki Georgs. Ótti læddist að honum.

„Sum okkar,“ hélt gamla konan áfram, „erum með eldlogandi tungur og neistaflug í vömbinni og töfra í fingurgómunum ...“

„Sum okkar eiga leyndarmál sem myndu láta hár þitt rísa og augu þín standa á stilkum ...“

Georg langaði að hlaupa í burtu, en það var eins og fætur hans væru fastir við gólfíð.

„Við getum látið neglur þínar detta af og tennurnar vaxa út úr fingrum þínum í staðinn.“

Georg byrjaði að skjálfa. Andlit hennar hræddi hann mest, frosið brosið, gljáandi hvöss augun.

„Við vitum hvernig á að fara að því að láta þig vakna einn daginn með langan hala á bakinu.“

„Amma!“ æpti hann. „Hættu!“

„Við eigum leyndarmál, væni minn, um dimma staði þar sem dimmir hlutir eiga heima og hlykkjast og liðast hver yfir annan ...“

George hentist út um dyrnar.

„Það skiptir ekki máli hversu langt þú hleypur,“ heyrði hann hana segja, „þú munt aldrei sleppa ...“

Georg hljóp inn í eldhús og skellti hurðinni á eftir sér.